Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
12. ágúst 2010
32. tbl. · 27. árg.

Gríðarleg tækifæri í markaðssetningu Vestfjarða

Gústaf Gústafsson var á dögunum ráðinn forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða. Hann tók við starfinu 1. ágúst og sinnir verkefnum á sviði markaðssetningar Vestfjarða í samvinnu við hagsmunatengda aðila. Gústaf er í opnuviðtali vikunnar.

Ný úrræði fyrir atvinnulausa

Vinnumarkaðsráð Vestfjarða hefur samþykkt að kanna áhuga stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum á samstarfi vegna úrræða fyrir atvinnulausa einstaklinga. Menntaskólinn á Ísafirði annast framkvæmd könnunarinnar í samstarfi við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum. Tilgangurinn er að viðhalda virkni og vilja atvinnulausra til atvinnuleitar með aðstoð fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum og freista þess að bjóða upp á verðmætaskapandi úrræði þar sem atvinnuleitendur taka þátt í að skapa verðmæti með starfsframlagi sínu í starfsþjálfun eða vinnustaðanámi. Annars vegar er um að ræða starfsþjálfun sem hinum atvinnulausa er boðið upp á í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun sem staðið getur yfir í allt að sex mánuði.

Ætlunin er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til þess að þjálfa sig í viðkomandi starfsgrein og auka þannig hæfni sína á vinnumarkaði. Starfsþjálfun er jafnframt hugsuð sem tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir til þess að fara af stað með nýtt verkefni eða aukna þjónustu með tímabundnum stuðningi Vinnumálastofnunar.

Hins vegar er um að ræða vinnustaðanám og er það úrræði einkum hugsað fyrir einstaklinga á aldrinum 16-30 ára. Í því tilviki heldur atvinnuleitandi atvinnuleysisbótum meðan á úrræðinu stendur. Atvinnurekandi greiðir ekki laun enda er litið svo á að um nám sé að ræða. Að námi loknu er viðkomandi talinn hæfari til þess að ráða sig til starfa, þar sem hann hefur kynnt sér nýja starfsgrein og lært sitthvað til verka í slíku starfi.

Bæjarráð Ísafjarðar hefur fjallað um málið og óskað eftir að málið verði kynnt fyrir þeim stofnunum Ísafjarðarbæjar, er helst kæmu til greina hvað varðar verkefnið.

– thelma@bb.is

Mikil aðsókn hefur verið í tjaldsvæðið í Tungudal í sumar.

Nauðsynlegt að stækka tjaldsvæðið

Ætlunin er að ljúka við nýtt þjónustuhús á tjaldsvæðinu í Tungudal í vetur ef nægt fjármagn fæst. Þetta kemur fram í bréfi Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar, til bæjaryfirvalda þar sem hann fjallar um nauðsyn þess að tjaldsvæðið verði stækkað og aðgengi að rafmagni aukið. Kostnaður við framkvæmdirnar eru gróflega áætlaður um 10 milljónir króna og æskilegt er að þær verði unnar á komandi hausti svo þeim verði lokið fyrir næsta sumar. Jafnframt bendir bæjartæknifræðingur á að bæta þurfi aðgengi að rafmagni á tjaldsvæði bæjarins á Þingeyri.

Í bréfinu segir Jóhann Birkir að þrátt fyrir að búið sé að bæta við rafmagnstenglum, salernum og sturtum hafi aðsóknin á tjaldsvæðið í Tungudal verið slík í sumar að ekki gátu allir tengt sig við rafmagn. Í samstarfi við Orkubú Vestfjarða gátu starfsmenn þó farið í bráðabirgðatengingar og gátu þar af leiðandi afhent gestum svæðisins rafmagn. Flestir gestanna eru í fellihýsum og húsbílum og var fjöldi þeirra þegar mest var um 120 og má reikna með því að fjöldi gesta hafi þá verið 3-400.

– thelma@bb.is

Súðavík tapar á stofnbréfum

Súðavíkurhreppur afskrifaði 150 milljóna króna eignarhlut sinn í Sparisjóði Keflavíkur á síðasta ári. Fjárhæðin er rúmlega tvöfalt hærri en árlegar skatttekjur sveitarfélagsins að því er fram kemur á ruv.is. Súðavíkurhreppur átti frá upphafi stofnbréf í Sparisjóði Súðavíkur. Hann rann seinna inn í Sparisjóð Vestfirðinga. Árið 2007 keypti Súðavík stofnbréf fyrir um 108 milljónir þegar sparisjóðurinn rann inn í Sparisjóð Keflavíkur. Helmingur hlutafjárins var fjármagnaður með myntkörfuláni og var hreppurinn heppinn að sú gengistenging var dæmd ólögleg því ella hefði lánið rokið upp úr öllu valdi. Stofnbréfin þurfti hinsvegar að færa niður því þau urðu verðlaus þegar bankinn féll í apríl.

Niðurfærslan nemur 148 milljónum. Það eru 82% af heildartekjum og rúmlega tvöfaldar skatttekjur sveitarfélagsins. Íbúar eru 205 og því er fjárhagslega höggið 720. 000 á hvern íbúa. Af þessari upphæð má að vísu draga arðgreiðslur upp á 36 milljónir og 30 milljónir sem voru í raun bókhaldshagnaður sem ekki var innleystur. Þegar ákveðið var að kaupa stofnbréf fékk sveitarstjórnin ráðgjöf víða að. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að budda hreppsins sé enn þokkalega þykk, miðað við sambærileg sveitarfélög. Ræður þar mestu hagnaður af sölu Orkubús Vestfjarða.

– kristjan@bb.is

220 milljónir í þjónustu við fatlaða

Kostnaður við þjónustu við fatlaða einstaklinga á Vestfjörðum var 220 milljónir króna á síðasta ári samkvæmt fjárlögum 2009 á móti 184 milljónum króna árið áður. Þetta kemur fram í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um kostnaðarmat vegna yfirfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Þar kemur fram að kostnaður vegna búsetuþjónustu og frekari liðveislu fullorðinna er nærri tveir þriðju heildarkostnaðar. Heildarhluti þjónustu við fullorðna er um þrír fjórðu. Kostnaður vegna þjónustu við börn er um 11%. Hlutfall yfirstjórnar af kostnaði við þjónustu er um 12%.

Í skýrslunni segir að það veki sérstaka athygli að fullorðnum fötluðum einstaklingum þar sem þjónusta er rekin af sveitarfélögum hefur fjölgað um 36% að teknu tilliti til breytinga á íbúafjölda en samsvarandi tala vegna reksturs svæðisskrifstofa er 5%. Fjölgun fatlaðra barna á svæðum rekin af sveitarfélögum er 80% að teknu tilliti til íbúaþróunar en 41% þar sem þjónusta er í höndum svæðisskrifstofa.

Í skýrslunni segir ennfremur: „Líklegt er að notkun á fjölda fatlaðra sem grundvallar jöfnunaraðgerða skapi þrýsting á að fleiri einstaklingar verði metnir fatlaðir og að þjónustuþörf þeirra verði metin sem hæst, enda stuðlar slíkt að hærri framlögum einstakra sveitarfélaga úr jöfnunarsjóði. Slík þróun myndi draga úr gæðum jöfnunarinnar og leiða til aukinnar sérgreiningar fatlaðra, sem varla getur talist æskilegt. Við þessu mætti bregðast með því að takmarka þann fjölda fatlaðra sem tekið er tillit til við jöfnunina. Þannig mætti ákveða að jöfnunin byggi á þeim 500 einstaklingum sem teljast mest fatlaðir. Slíkt myndi skapa þrýsting á að bæta matið fremur en að fjölga þeim einstaklingum sem metnir eru.

Fyrirkomulag húsnæðismála hefur áhrif á þörf fyrir jöfnunaraðgerðir. Það myndi t.d. skapa umtalsverða þörf fyrir jöfnun að færa eignarhald húsnæðis ríkisins til viðkomandi sveitarfélaga eða þjónustusvæða. Ástæðan er sú að eignarhald er ólíkt eftir svæðum. Í sumum tilfellum á ríkið meginhluta húsnæðis en annarsstaðar er það í eign sjálfseignastofnana og einkaaðila. Tilfærsla eignarhalds til myndi því vera hagstæð sumum sveitarfélögum en ekki öðrum.

Með þessu má bregðast með ýmsum hætti. Húsnæðið gæti áfram verið eign ríkisins. Einnig væri hægt að stofna sameiginlegt fasteignafélag sveitarfélaga sem myndi leigja húsnæðið. Arðurinn myndi síðan renna til jöfnunar í málaflokknum. Þá mætti selja húsnæðið til sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana eða einkaaðila.“

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **12. - 15. ágúst**

40% afsláttur

~~749~~

449 kr./kg

Heill kjúklingur, frystur
frá Ísfugli

...sjá uppskriftir á samkaupurval.is:
Grillaður heill BBQ kjúklingur og **arabískt kjúklingasalat**

50% afsláttur

~~429~~

215 kr./pk.

Fersk jarðarber, 250g
hrein hollusta

559 kr./stk.

Hunang, lífrænt, 340g
frá Anglamark

30% afsláttur

~~3.498~~

2.449 kr./kg

Nautafilé með fitu
úr kjötborði eða pakkað ferskt

1.098 kr./kg

Lambalæri
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

~~3.498~~

2.449 kr./kg

Nauta "Rib-Eye"
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

~~1.098~~

769 kr./kg

Grill svínabógsneiðar
frá Kjötseli

Coop tilboð!

gæði og gott verð

400 ml **199** kr./stk.

Grænmeti

600 g **449** kr./pk.

"Grillet mix"

650 g **359** kr./pk.

Austurlensk blanda – fryst fersk hollusta

2.238 kr./kg

Úrvals kindafilé
úr kjötborði eða pakkað ferskt

298 kr./stk.

X-tra ávaxtasafi
appelsínu- og eplasafi, 1,5l

35% afsláttur

~~764~~

499 kr./kg

Medisterpylsa, reykt
frá Goða

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

Hlíðarvegspúkar skemmtu sér

Um 100 núverandi og fyrrverandi íbúar við Hlíðarveg á Ísafirði komu saman á laugardag í svokölluðu Hlíðarvegspúkapartýi en veislan var sú þrettánda í röðinni. Þeir gerðu sér glaðan dag, grilluðu, sungu og fóru í leiki með börnunum. „Partýið heppnaðist alveg rosalega vel, við grilluðum og fengum góða músíkanta til að syngja. Stemmningin var rosa góð og það var varðeldur og leikir fyrir börnin," segir Sigrún Viggósdóttir einn skipuleggjandi samkomunnar. Smá babb kom þó í bátinn áður en veislan hófst.

„Við tjölduðum á föstudag en um nóttina kom rokhrina og feykti tjaldinu um koll og skekkti súlurnar. Þetta var nánast eins og á þjóðhátíð í Eyjum. Við vorum því megnið af laugardeginum að redda þessu en það gekk nú allt upp og veislan var ekkert síðri fyrir vikið," segir Sigrún.

Sigrún segir almenna ánægju hafa verið með veisluna. „Allir fóru ánægðir, a.m.k. þökkuðu þeir vel fyrir sig. Sumir voru að koma í fyrsta sinn og aðrir í tíunda sinn. Þetta var bara allt alveg yndislegt."

– thelma@bb.is

Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

Lán til góðra verka

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

Framkvæmdalán

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember

LÁN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Hótel Núpur í Dýrafirði.

Gistinóttum fjölgaði um 13%

Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 13% á samanlögðu svæði Vestfjarða og Vesturlandi í júní milli ára. Í júní síðastliðnum voru gistinæturnar 7.344 en þær voru 6.514 árið á undan. Er það mesta fjölgunin sem átti sér stað á landinu en alls voru gistinæturnar 157. 000 síðasta júní en voru 149.000 í sama mánuði árið 2009. Er það fjölgun um 5%. Hagstofan segir, að fjölgun gistinátta í júní nái til allra landsvæða. Útlendingar voru í miklum meirihluta þeirra sem nýttu sér gistinætur á Vesturlandi og Vestfjörðum eða 5.914 á móti 1.430.

Fyrstu sex mánuði ársins fækkaði gistinóttum á Vesturlandi og Vestfjörðum um 2%. Yfir landið allt fjölgaði hins vegar gistinóttum fyrstu sex mánuði ársins um 1%, eða úr 570.400 í 573.400 milli ára.

Athygli skal vakin á því að í samantekt Hagstofunnar er eingöngu átt við gistinætur á hótelum, þ.e. hótelum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótel sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

– thelma@bb.is

Minnsta hækkunin hjá OV

Verðskrá OV fyrir raforkusölu hækkar um 3% frá og með 1. ágúst. Þetta gildir um alla liði verðskrárinnar nema ótryggða orku. Að því er fram kemur í tilkynningu er hækkun verðskrár nauðsynleg til þess að mæta að hluta hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar um 8,3% 1. frá júlí.

Þrátt fyrir þessa hækkun verður Orkubú Vestfjarða áfram með lægsta auglýsta raforkuverð á landinu enda hækkar verð fyrirtækisins minnst af öllum orkufyrirtækjum samkvæmt vefnum Orkuvaktin. Þar segir að raforka til heimilisnota hafi hækkað mest frá áramótum hjá Orkusölunni, eða um 8,3 prósent, næst hjá Fallorku á Norðurlandi, eða um 8,2 prósent, um 7,6 prósent hjá HS Orku og 5,3 prósent hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

– thelma@bb.is

Tekjur Þorsteins læknis voru áætlaðar

Þorsteinn Jóhannesson.

Í frétt sem birtist á bb.is 30. júlí síðastliðinn og í Bæjarins besta í síðustu viku, var því haldið fram að Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði, væri í efsta sæti yfir tekjuhæsta heilbrigðisfólkið á Íslandi. Var Þorsteinn sagður með rúmar þrjár milljónir króna í tekjur á mánuði að meðaltali á síðasta ári. Upplýsingar BB og bb.is voru fengnar úr tekjublöðum Mannlífs og Frjálsrar verslunar. Í yfirlýsingu frá Þorsteini sem birtist hér að neðan og skattbreytingaseðli sem hann hefur afhent blaðinu, kemur í ljós að meðaltekjur hans á síðasta voru rúmar 2,2 milljónir króna á mánuði eða 800 hundruð þúsund krónum lægri en greint hafði verið frá. Um var að ræða áætlun þar sem yfirlæknirinn gleymdi að senda skattskýrsluna inn.

„Tekjur undirritaðs fyrir árið 2009 hafa lent á síðum dagblaða og bæjarmálablaða undangengna daga. Tekjur opinberra starfsmanna eiga ekki að vera neitt launungarmál og því hefur undirritaður, sem alla tíð eftir að námi hans og framhaldsnámi lauk við 39 ára aldur, haft góðar tekjur, ekki fjargviðrast yfir umræðu um tekjur og skattamál. Því miður voru tekjur mínar ekki eins miklar og birtst hefur í fjölmiðlum, því vegna ótrúlegs klaufaskapar, sem skrifast alfarið á undirritaðann, þá gleymdist að styðja á „send“ hnappinn og voru því tekjurnar áætlaðar með tilheyrandi álögum. Nú hefur ríkisskattstjóri leiðrétt þennan misskilning og biður undirritaður ritstjóra BB, á grundvelli framlags álagningarseðils, að birta réttar tekjur. Það er von mín að mér auðnist heilsa og kraftar til að vinna áfram sem hingað til og geta áfram verið stoltur útsvars- og skattgreiðandi í Ísafjarðarbæ. Skrif trúða og hattbera trufla mig ekki fremur en fyrri daginn. Virðingarfyllst, Þorsteinn Jóhannesson.“

– bb@bb.is

Spurningin

Ertu sátt/ur við ráðningu nýs bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar?

Alls svöruðu 346.
Já sögðu 231 eða 67%
Nei sögðu 115 eða 33%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Vestan og síðan norðvestanátt með vætu í flestum landshlutum, þó síst SA-til. Hiti 10-18 stig.
Horfur á laugardag:
Hægviðri, skýjað með köflum og skúrir. Hiti 8-16 stig, hlýjast til landsins.
Horfur á sunnudag:
Suðaustanátt og rigning sunnan- og vestanlands en bjartviðri NA-til. Hiti 10-20 stig, hlýjast á norðausturlandi.

Ritstjórnargrein

Funi

Það er af sem áður var þegar þær gamansögur gengu að Ísfirðingar þyrftu ekki á bólusetningum að halda í utanlandsferðum, þeir fengju allt það móteitur sem þeir þyrftu á að halda í drykkjarvatninu. Lengi vel var neysluvatn Ísfirðinga vandamál þar sem einungis var um yfirborðsvatn að ræða. Stóri vinningurinn skilaði sér með jarðgöngunum undir Breiðadalsheiði. Heyrst hafa raddir um að hvergi sé betra drykkjarvatn að finna. Ástæðulaust að bera á það brigður.

Margt er mannanna bölið. Ísfirðingar hafa ekki frekar en aðrir farið varhluta af einu helsta vandamáli neyslusamfélagsins: síauknum úrgangi. Lengi vel var aðeins ein leið til lausnar: ruslahaugar, sem mokað var yfir þegar í óefni var komið. Hálfur fjórði áratugur er liðinn síðan brennsla var tekin upp við eyðingu hluta sorpsins með sorpbrennslunni á Skarfaskeri í Hnífsdal, síðar með Funa frá árinu 1994. Staðsetning Funa, sem og forverans á Skarfaskeri var umdeild. Nálægðin við byggðakjarnana olli ótta og andstöðu margra. Sama gildir um Klofning í Önundarfirði, þar sem urðun á óbrennanlegu sorpi hefur farið fram um nokkurt skeið.

Næsta víst er að úrgangur neysluþjóðfélagsins mun aukast á komandi árum þótt eitthvað kunni að hafa dregið úr ófögnuðinum við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Og reynslan kennir að seint mun sátt nást um hvar hola eigi skarninu niður eða hvar eigi að kveikja í því. Hvað sem deilum þar um líður liggur eitt fyrir: Vandinn verður ekki umflúinn.

Þegar svo er komið að reykurinn frá Funa, sem fólki hefur árum saman verið talin trú um að væri bara hvítur, hættulaus gufustrókur, er mettaður margvíslegum, hættulegum efnum, langt yfir viðmiðunarmörkum, hljóta augu vestfirskra sveitarstjórnarmanna að opnast. Það verður að bregðast við. Strax! Það gengur ekki að skýla sér bak við starfsleyfi Funa til ársins 2018, vitandi að áætlaður líftími stöðvarinnar verður þá fyrir löngu útrunninn, auk þess sem það liggur fyrir að búnaður stöðvarinnar er nú þegar á síðasta snúningi, svo sem fram kom í bréfi stöðvarstjóra Funa til bæjaryfirvalda í ágúst 2009.

Hví í ósköpunum hefur ekki fyrir löngu verið hafist handa? Búið að fá úr því skorið hvort urðun er ódýrari en endurnýjun á vélbúnaði Funa? Hvaða úrræða hyggjast sveitarstjórnarmenn grípa til meðan búnaður Funa verður endurnýjaður, ef það reynist hagkvæmur kostur? Eða hvar ætla menn að urða allt sorpið ef sú leið verður valin? Verður hrokkið aftur í tímann þegar hvert sveitarfélag sá um sig í þessum efnum? Við fljótum ekki endalaust á undanþágum. Það verður að taka af skarið!

Með réttu státum við okkur af fallegum bæ. Við stefnum ótrauð að því að efla samfélagið, fjölga íbúum og laða ferðalanga til okkar með margvíslegum hætti. Spillum ekki friðsældinni og fegurðinni sem við höfum upp á að bjóða með þeim hætti, sem nú vofir yfir.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

GÓÐ Í SKÓLANN

Inspiron M5010 fartölva

Góð í skólann með 15,6" skjá og áreiðanlegum AMD V-series örgjörva. Fáanleg svört, bleik og rauð.

139.900,-

- AMD V-Series V120 (single core) örgjörvi 2.2GHz, 1066MHz, L2 512KB Cache AMD M880G kubbasett
- Windows 7 Home Premium (64Bit)
- 3GB 1066MHz DDR3 vinnsluminni (2x2048 + 1x1024)
- 250GB 5.400rpm harður diskur
- 15.6" HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
- 3ja ára ábyrgð / 1 ár á rafhlöðu

V313 All-in-One prentari

16.900,-

Þessi hraðvirki prentari er ótrúlega þægilegur og á góðu verði.

Inspiron 11z

Létt og þægileg 11,6" fartölva með háglans áferð og orkusparandi örgjörva frá Intel. Fáanleg svört, bleik og hvít.

109.900,-

- Intel Celeron ULV 743 örgjörvi 1.3GHz, 800MHz, 1MB L2 Cache - Ultra Low Voltage Intel GS45 + ISH9M kubbasett
- Windows 7 Home Premium (64Bit)
- 2GB 800MHz DDR2 minni (1x2048)
- 160GB 5.400rpm Serial ATA harður diskur
- 11.6" WLED TrueLife skjár (1366 x 768)
- 3ja ára ábyrgð / 1 ár á rafhlöðu

Inspiron N5010

Betri í skólann með 15,6" skjá og öflugum Intel Pentium Dual Core örgjörva. Fáanleg svört, bleik og rauð.

159.900,-

- Intel Pentium Dual Core P6000 örgjörvi 1.86GHz, 1066MHz, L3 3MB Cache Mobile Intel 5 Express HM57 kubbasett
- Windows 7 Home Premium (64Bit)
- 4GB 1066MHz DDR3 vinnsluminni (2x2048)
- 250GB 5.400rpm harður diskur
- 15.6" HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
- 3ja ára ábyrgð / 1 ár á rafhlöðu

Inspiron M301Z

Hagkvæm og glæsileg 13,3" fartölva í burstuðu stáláferði með orkusparandi örgjörva frá AMD.

149.900,-

- AMD Athlon II Neo K125 (single core) örgjörvi 1.7GHz, 1MB L2 Cache - Ultra Low Voltage AMD RS880M kubbasett með SB820 South Bridge
- Windows 7 Home Premium (64Bit)
- 3GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
- 250GB 5.400rpm harður diskur
- 13.3" WLED TrueLife skjár (1366x768)
- 3ja ára ábyrgð / 1 ár á rafhlöðu

Inspiron N5010

Best í skólann með 15,6" skjá og kröftugum Intel Core i3 örgjörva. Fáanleg svört, bleik og rauð.

169.900,-

- Intel Core i3-330M örgjörvi 2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache Mobile Intel 5-express HM57 kubbasett
- Windows 7 Home Premium (64Bit)
- 4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (2x2048)
- 250GB 5.400rpm harður diskur
- 15.6" HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
- 3ja ára ábyrgð / 1 ár á rafhlöðu

NetHEIMAR

Aðalstræti 20
Ísafirði
S: 450-6000

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Gríðarleg tækifæri í n

Gústaf Gústafsson var á dögunum ráðinn forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða. Hann tók við starfinu 1. ágúst og sinnir verkefnum á sviði markaðssetningar Vestfjarða í samvinnu við hagsmunatengda aðila. Gústaf hefur margþætta reynslu af markaðsmálum og Bæjarins besta forvitnaðist um það. Í viðtalinu hér að neðan fjallar Gústaf m.a. um störf sín fyrir Krabbameinsfélag Íslands, þar sem hann sinnti starfi markaðs- og fjáröflunarstjóra, og hugmyndir og framtíðarsýn í markaðssetningu á Vestfjörðum. Gústaf hefur sérhæft sig í markaðsmálum undanfarinn áratug og lauk meðal annars námi í samhæfðum markaðssamskiptum hjá HR í vor. Gústaf er fimm barna faðir og giftur Sigrúnu Bragadóttur viðskiptafræðingi.

„Ég kem úr kerfisfræðinni og vann við þjónustu, hugbúnaðargerð og þess háttar. Síðan fór ég meira út í verkefnastjórnun og önnur mál sem tengjast því og við félagarnir stofnuðum hugbúnaðarfyrirtæki. Það endaði á minni könnu að sjá um sölu- og markaðsmál. Það þótti mér afskaplega skemmtilegt og ég gerði mér grein fyrir að ég hafði hæfileika á því sviði og fór að skoða markaðsmálin betur og það sem því tengist.“

– Síðan fórstu að vinna fyrir Krabbameinsfélag Íslands?

„Já, ég var reyndar í ráðstefnu- og sýningabransanum í nokkur ár og kynntist þannig Krabbameinsfélaginu, en tók svo við starfi markaðs- og fjáröflunarstjóra Krabbbameinsfélags Íslands í byrjun árs 2006. Það hefur ýmislegt breyst hjá Krabbameinsfélagsins á þeim tíma. Það hefur verið gríðarleg uppbygging í markaðsmálum félagsins og toppurinn á því var kannski nú síðast átakið Karlmenn og krabbamein en Bleika slaufan hefur einnig náð gríðarlegu flugi.“

– Þú gerðir Mottumars ódauðlegan, var það ekki?

„Ja, það er í raun og veru best heppnaða átak sem ég veit um hjá félagi í þriðja geiranum. Þátttaka landsmanna var svo gríðarlega mikil að þetta nálgaðist í raun og veru æði. Yfir 62% þjóðarinnar tók þátt og það voru yfir 38 þúsund karlmenn sem söfnuðu yfirvararskeggi til styrktar Mottumars, og a.m.k. ein kona. Það gerir meira en 35% karlmanna 18 ára og eldri. Það voru held ég öll met slegin sem hægt var að slá í því átaki og það voru algjör forréttindi að fá að leiða þetta verkefni.“

– Hvaðan kom hugmyndin að átakinu?

„Hugmyndin verður til á Íslandi um þessa útfærslu. Það hafa verið átök annars staðar í heiminum sem tengjast söfnun á yfirvararskeggi og þá sölu á skeggnælum og ýmsu sem tengist því. Að tengja yfirvararskegg við svona málefni byrjaði held ég í Ástralíu, þ.e. mest áberandi átakið, en þetta hefur einnig verið í Bandaríkjunum og víðar.

En það sem ég gerði hérna á Íslandi var að ég tengdi saman miklu fleiri atriði og nýtti samhæfð markaðssamskipti við að ná heildaráhrifum. T.d. það að keyra mikið á húmorinn og teiknimyndafigúruna Steinar var mikilvægt til að ná til karlmanna, en í raun og veru var þetta smá sjokkherferð. Við fórum aðeins yfir strikið að sumra mati og eitt af markmiðum átaksins var að opna umræðuna um krabbamein í karlmönnum. Það er í pungnum og á ýmsum öðrum stöðum sem karlmenn eru mjög feimnir við að ræða.

Við erum svona 10-15 árum á eftir konum í umræðunni og það þurfti að opna þetta, þá getur verið áhrifaríkt að fara í aðeins grófari umræður en tíðkast í miðlum dags daglega. Ég held að það hafi tekist feykilega vel og við fengum frábæra aðila í lið með okkur, eins og Þorstein Guðmundsson, Ladda, Spaugstofumenn og marga fleiri og þetta sló virkilega í gegn.“

– Og er þetta reynsla sem mun nýtast þér hér fyrir vestan?

„Já, að sjálfsögðu. Það má eiginlega segja að sigurvegararnir í Mottumars-herferðinni hafi verið nýmiðlarnir. Rúmlega 40% af traffíkinni sem kom inn á heimasíðuna hjá okkur kom beint af Facebook. Þannig voru samfélags- og nýmiðlarnir nýttir þarna á mjög öflugan hátt. Það skilaði sér m.a. í því að vefsíða Mottumars var níunda stærsta heimasíða landsins í mars og sló út vefsíður á borð við ruv.is og fleiri. Netþjónarnir hrundu þrisvar vegna álags því enginn bjóst við svona vinsældum.

Samfélagsmiðlarnir eru skrýtnir og lúta sínum eigin lögmálum. Það er mjög mikilvægt í allri markaðsetningu í dag og í framtíðinni að skilja um hvað nýmiðlarnir snúast og hvernig á að nálgast þá. Þú getur ekki sem auglýsandi farið að birta fullt af auglýsingum inni á samfélagsvef og ætlast til þess að það lúti sömu lögmálum og t.d. prent- og sjónvarpsmiðlarnir. Á samfélagsmiðlunum vill fólk hreinlega ekki fá þetta áreiti og það getur lokað á það og þú verður þá að taka þátt í samfélaginu á miðlinum en ekki bara dúndra inn einhverjum auglýsingum. Þetta er allt annar hlutur og mjög margir hafa ekki gert þetta nógu vel.“

Verkefnið mjög krefjandi

– Ertu með einhverjar nýstárlegar hugmyndir varðandi markaðssetningu Vestfjarða?

„Já, ég er auðvitað með fullt pælingum, en það mikilvægasta í þessu er auðvitað að kynnast fólkinu sem er að starfa við þetta og gera sér grein fyrir þeim raunhæfu möguleikum sem Vestfirðir hafa að bjóða og vita hvað hefur verið gert. Þarna er ég í raun og veru að fara aðeins út fyrir þægindahringinn minn og takast á við verkefni sem ég tel sjálfur vera mjög krefjandi, en á móti kemur að ég held að það séu gríðarleg tækifæri.

Auðvitað hef ég skoðanir á þessu og ég er sjálfur alinn upp á Patreksfirði frá því að ég var strákur og foreldrar mínir búa þar enn, þannig að ég hef sterkar taugar til Vestfjarða. Ég hef ferðast mikið um svæðið og veit að það eru ákveðnir hlutir sem má laga og verður að laga. Ég held t.d. að það sem að skiptir miklu máli sé að skilja hvað það er sem ferðamenn vilja sjá og upplifa. Þar er auðvitað fullt af tækifærum, t.d. í matarþróun og ýmsu öðru. Fuglaskoðun er vaxandi ferðaþjónusta og Vestfirðir hafa svo rosalega margt að bjóða í því tilliti. Miklu meira en maður kannski gerir sér grein fyrir þegar maður er á staðnum sjálfur. Maður þarf oft að fjarlægjast hlutina til þess að geta komið að þeim aftur og séð tækifærin.

Mitt viðhorf til þess að ferðast um á Vestfjörðum hefur t.d. breyst gríðarlega eftir að ég flutti þaðan. Maður var alltaf að flýta sér, maður var alltaf að keyra suður eða að maður var að keyra vestur. En þegar maður fór að heimsækja Vestfirði sem ferðamaður, þá fór maður allt í einu að sjá alla þessa fallegu firði og dalina og fossana sem eru inni í hverjum einasta firði í nýju ljósi, og alla náttúruna þarna og hvað þetta er í raun og veru algjörlega einstakt. Hvað það er mikill friður þarna, eins og tíminn standi í stað.

Þú sérð þetta ekki víða annars staðar. Það er rosalega margt þarna sem ég held að sé einstakt og ég held að það sé alveg ákveðin tegund ferðamanna sem hægt er að laða að þessum stöðum. Fyrir utan auðvitað græna ferðamennsku, það að geta markaðssett heilan landshluta á þennan hátt, svo sem hvað þetta er mikil náttúra og lítil mengun og allt það sem skiptir máli í dag.“

– Hefurðu eitthvað fylgst með

æri í markaðssetningu Vestfjarða

markaðssetningunni að undanförnu? Hvernig finnst þér hafa tekist til að auglýsa Vestfirði?

„Ég hef auðvitað sérstaklega tekið eftir auglýsingum um Vestfirði því ég er að miklu leyti alinn upp þarna og það er því kannski ekki alveg sanngjarnt að reyna að meta það á þann hátt. Ef ég hefði engar taugar til Vestfjarða, þá væri upplifunin örugglega allt önnur. En ég held að þetta hafi verið gert alveg ágætlega. Það tekur langan tíma að byggja upp svona atvinnugrein, þetta er ekki unnið á einni nóttu, einu ári eða á 10 árum.

Ég held að hlutfallslega hafi verið mest aukning í þessum landshluta og það er mjög jákvætt. Það að byggja upp sterka ímynd á svona hlut tekur mörg, mörg ár og það sem skiptir ekki síður máli í þessu er upplifun ferðamanna á því að fara þarna um. Orðrómurinn og hvort fólk mælir með því að fara þarna er alveg gríðarlega mikið atriði. Það eru því margir hlutir sem tengjast í þessu og allt verður þetta að spila saman. Ég hlakka mikið til þess að kynnast þeim aðilum sem standa í þessari útgerð og vonandi næ ég að leggja þeim lið.“

– Þú ert meira fyrir nýmiðlun en þá hefðbundnu?

„Ekkert meira endilega, en ég sé tækifærin þar. Bara sem dæmi, þá eru langflestir ferðamenn sem koma til Íslands búnir að kynna sér landið á Netinu. Þar eru gríðarleg tækifæri. Eins má nefna Íslendinga sem eru að fara um. Ég sjálfur, hvort sem ég þarf að fara á Kirkjubæjarklaustur eða Ísafjörð, þá fer ég á Netið og athuga hvað er í boði, hvar er gott að borða og hvað er áhugavert og svo framvegis. Þarna eru gríðarleg tækifæri, alls ekki síður en í útgáfu hefðbundinna bæklinga og svoleiðis.

Þetta eru allt leiðir, leiðir sem maður notar til að nálgast ákveðin markmið, hver svo sem þessi markmið eru. En ég hef mikla trú á nýmiðlun og held að það sé að stórum hluta framtíðin í markaðssetningu á ferðaþjónustu. Hefðbundnari leiðir eru hins vegar langt í frá dauðar og standa fyllilega fyrir sínu og munu gera um langt skeið. Þetta þarf allt að spila saman sem ein rödd, um það snúast meðal annars samhæfð markaðssamskipti.“

– Ætlarðu að flytja með alla fjölskylduna vestur?

„Ekki alveg alla, það eru tveir unglingar sem verða eftir í bænum. Það koma með mér tveir leikskólagrislingar og einn nýfermdur. Ég geri ráð fyrir að vera á Ísafirði en er alls ekkert bundinn við það. Er nú að leita mér að húsi með a.m.k. 4 svefnherbergjum. Ef einhver vill leigja mér það, þá væri ég svakalega þakklátur. Þetta er auðvitað stórt mál að flytja með fjölskylduna vestur á firði, en reynsla mín af því að vera barn og unglingur fyrir vestan er afskaplega góð og mínir bestu vinir og uppeldisfélagar koma þaðan, maður myndar sterk tengsl og við höldum góðu sambandi. Unglingarnir vilja t.d. hvergi annars staðar vera en á Patreksfirði hjá afa og ömmu og líður best þar.

Það auðveldar málið að hafa þessa reynslu og vita nokkur veginn að hverju maður gengur. Mér líður miklu betur í minni samfélögum. Hins vegar hef ég bara verið í þannig starfi að það hafa ekki verið mikil tækifæri úti á landi. Þegar maður er í svona sérhæfðu starfi, þá eru tækifærin ekki neitt að öskra á mann á minni stöðunum þó mér finnist betra og manneskjulegra að búa þar.

En þetta er að breytast og vonandi mun tæknin stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi á landsbyggðinni. Maður verður miklu meiri þátttakandi í samfélaginu á minni stöðum heldur en hér fyrir sunnan og það er gott.“

Orkubú Vestfjarða er með lægsta raforkuverð á landinu til heimila

Orkubú Vestfjarða er með lægsta raforkuverð á landinu til heimila en ástæða þess er hagkvæmur rekstur á virkjunum fyrirtækisins að sögn Kristjáns Haraldssonar, orkubússtjóra. „Við reynum að halda verðinu niðri eins og við getum, en það kemur að því að við þurfum að hækka það.“ Samkvæmt verðsamanburði Orkuveitu Reykjavíkur er verð Orkubúsins á raforku til heimilisnota 4,13 krónur á kWh eftir hækkun á verðskrá 1. ágúst síðastliðinn. Orkuveita Reykjavíkur fylgir þar fast á eftir með 4,15 krónur á kWh. Önnur fyrirtæki eru með hærra verð. Rétt er að taka fram að verðið sem birt er í samanburðinum er án 12 aura orkuskatts og virðisaukaskatts og ekki er talin með dreifing og flutningur.

Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða ohf., að Stakkanesi á Ísafirði.

„Þetta er verð er aðeins fyrir viðskiptavini okkur á Vestfjörðum en ef þyrftum að kaupa inn orku myndi verðið þurfa að hækka,“ segir Kristján. Raforka til heimilisnota hefur hækkað mest frá áramótum hjá Orkusölunni, eða um 8,3%, næst hjá Fallorku á Norðurlandi, um 8,2%, um 7,6% hjá HS Orku og 5,3% hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Verðið hækkaði aðeins um 3% hjá Orkubúi Vestfjarða. Orkubúið vinnur nú að því að endurnýja og stækka Mjólkárvirkjun í Arnarfirði sem er stærsta virkjun fyrirtækisins. „Stækkunin gengur nokkuð vel og við reiknum með því að gangsetja virkjunina í lok nóvember. Á næsta ári verður síðan hafist handa við að endurnýja vélarnar. Þegar því er lokið fáum við til viðbótarafl upp á 2 MW,“ segir Kristján.

Tuttugu milljónir í malbikun gatna

Ísafjarðarbær áætlar að verja 20 milljónum króna í malbikun gatna í sveitarfélaginu í ár. Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur, hefur lagt til að farið verði í frekari malbikunarframkvæmdir því götur í sveitarfélaginu eru víða í slæmu ásigkomulagi. Bæjarráð hefur tekið jákvætt í erindið og óskað eftir upplýsingum um þau verkefni sem fara yrði í. Jóhann Birkir segir í bréfi til bæjarráðs að malbikunarfyrirtækið Hlaðbær Colas ehf., hafi boðist til að malbika meira en áætlað var og að greiðslur vegna þess verði ekki innheimtar fyrr en á næsta ári. Áætlað er að Hlaðbær Colas ehf., leggi 16-17 þúsund tonn af malbiki á norðanverðum Vestfjörðum í sumar en mest af því fer í Bolungarvíkurgöngin eða 12-13 þúsund tonn.

Á fundi bæjarráðs var einnig lagt fram bréf frá formanni sóknarnefndar Ísafjarðarkirkju, þar sem fjallað er um ástands bílastæðis fyrir framan kirkjuna og beiðni um að bílastæðið verði malbikað af Ísafjarðarbæ, þar sem hvorki kirkjugarðar Ísafjarðar né heldur sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju hafa fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í slíkar framkvæmdir. Bæjarráð vísaði erindinu til bæjartæknifræðings til skoðunar.

– thelma@bb.is

Frá malbikun í Sólgötu á dögunum.

Minnast Fylkis með sundmóti

Minningarsundmót um Fylkir Ágústsson verður haldið í Sundhöll Ísafjarðar laugardaginn 28. ágúst. Það er Sunddeild Vestra og ættingjar Fylkis sem standa fyrir mótinu. Fylkir, sem lést í október 2008, var mikill sundmaður á sínum yngri árum og þjálfari sunddeildarinnar auk þess sem hann kom að endurvakningu deildarinnar á kringum 1980. Aðalgrein mótsins verður 100 metra bringusund sem var aðalgrein Fylkis. Keppt verður um farandbikar, þann sama og Fylkir vann í Ísafjarðarmóti árið 1961.

Bæði verður um að ræða garpamót þar sem eldri sundmenn og ættingar Fylkis munu keppa í 100 metra bringusundi og eins og mun Sunddeild Vestra nota tækifærið og vera með keppnisgreinar til að ná tímatöku á sínum iðkendum. Samhliða þessu er stefnt að því að vera með kvöldvöku á föstudagskvöldinu þar sem farið verður yfir sund og þjálfaraferil Fylkis.

Fyrir þá sem eru á facebook þá er þar síða sem heitir Minningarmót um Fylkir Ágústsson. Þeir sem eiga í sínum fórum sögur og myndir af Fylki, bæði frá því fyrir 1970 og síðan í seinni tíð mega gjarnan vera í sambandi við Guðmund Fylkisson á netfangið *fylkisson@islandia.is* eða Jóhönnu Fylkisdóttur á Ísafirði á netfangið *joalubbi@hotmail.com.*

Tvær óleyfilegar byggingar í Kálfavík

Tvær óleyfilegar byggingar hafa verið byggðar í landi Kálfavíkur í Skötufirði. Síðastliðið haust var byggingarfulltrúa Súðavíkur falið að láta stöðva byggingu sumarhúss í landi Kálfavíkur þar sem ekki lágu fyrir tilskilin leyfi. Á fundi byggninganefndar á dögunum var hins vegar greint frá því að byggingaraðili hefði skilað inn teikningum af húsinu. Byggingarfulltrúi hefur gert athugasemdir við teikningarnar og hefur byggingaraðila verið gefinn frestur til að bæta úr þeim annmörkum sem gerðar voru athugasemdir við.

Þá barst nefndinni önnur tilkynning um óleyfilega byggingu við Grundarsand í landi Kálfavíkur í Skötufirði. Byggingarfulltrúi hefur krafist þess að byggingin verði fjarlægð tafarlaust.

– thelma@bb.is

Þörf er á verulegum úrbótum í Vestfjarðagöngum.

Þörf á verulegum úrbótum í Vestfjarðagöngum

Mestar úrbætur hvað varðar öryggismál þarf að gera í Vestfjarðagöngum og í göngum sem liggja um Ólafsfjarðarmúla. Þetta segir Gísli Eiríksson, yfirmaður jarðgangadeildar Vegagerðarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Einnig þarf að gera umtalsverðar úrbætur á Hvalfjarðargöngunum. Þá þarf að gera minniháttar úrbætur á Fáskrúðsfjarðargöngum, Strákagöngum og göngum um Almannaskarð. Samkvæmt evrópskri reglugerð frá árinu 2004 hafa ríki tíu ár til að koma göngum í það horf sem þar er kveðið á um. Með breytingunni voru reglur um öryggi í jarðgöngum hertar verulega, segir Gísli. Stefnt var á að ljúka úrbótum fyrir árið 2014, en óvíst er hvort fjárveitingar fást til þess frá ríkinu.

Alls eru átta jarðgöng í notkun á landinu í dag, og stutt í að tvö til viðbótar verði tekin í notkun. Verulegar úrbætur þarf að gera á þremur jarðgöngum, og minniháttar úrbætur þarf að gera í þremur til viðbótar. Samanlagður kostnaður við úrbæturnar er áætlaður um einn milljarður króna. Formlega gildir evrópska reglugerðin aðeins fyrir vegi sem skilgreindir eru sem samevrópskir, segir Gísli. Hér á landi sé það í grófum dráttum þjóðvegur eitt, ásamt tengingum við Ísafjörð, Seyðisfjörð og Keflavík. Á þeirri leið eru aðeins þrjú göng; Hvalfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng og göngin um Almannaskarð.

Þrátt fyrir að reglugerðin taki ekki til annarra jarðganga á Íslandi segir Gísli Eiríksson að unnið sé miðað við sambærilega staðla í öðrum göngum, og því gerðar sambærilegar kröfur til öryggis.

– thelma@bb.is

Erfitt að ráða við eld í jarðgöngum

„Ef það kæmi upp eldur í Vestfjarðagöngum þá erum við ekkert betur búnir en slökkviliðið í Reykjavík að ráða við eld í Hvalfjarðargöngunum," segir Þorbjörn Sveinssonar slökkviliðsstjóri slökkviliðs Ísafjarðarbæjar aðspurður um öryggismál í jarðgöngunum í kjölfar frétta um öryggi jarðganga undanfarna daga. „Það er sama vandamálið alls staðar að það er erfitt að ráða við eld í jarðgöngum. Fyrir okkur væri erfitt að komast að gangamunnunum í Önundarfirði og í Súgandafirði fyrir utan litlu liðin sem eru á stöðunum. Við yrðum líklegast að koma mannskap og tækjum á staðinn í þyrlu þar sem búið er að loka vegunum." Hann segir slökkvitæki og neyðarsímar vera til staðar í göngunum sjálfum og slökkviliðið hafi neyðaráætlun fyrir göngin sem Vegagerðin fari yfir.

Þorbjörn segir að göngin um Óshlíð verði byggð samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er í dag og síðan standi til að fara í úrbætur á Vestfjarðagöngum. „Ég heyrði af því á fundi í vor að það væri á dagskrá að ráðast í úrbætur en svo veit maður að það er alltaf spurning um peninga hvenær ráðist verði í framkvæmdirnar."

Fjarskipti innan Vestfjarðaganga hafa verið gagnrýnd en Þorbjörn segir þau hafa mikið verið bætt. „Í fyrstu voru fjarskipti í göngunum ekki fyrir hendi en það er búið að betrumbæta það geysilega með tetrakerfinu sem við unnum að því að koma upp ásamt lögreglunni. En það má gera betur því það eru dauðir punktar sums staðar í göngunum. Þetta sem verður meðal annars lagfært þegar ráðist verður í úrbæturnar. Helsti maðurinn í þeirri vinnu er Gísli Eiríksson og hann leggur sig mjög fram við að gera þessa hluti vel."

Aðspurður segir Þorbjörn að slökkviliðið reyni að hafa æfingar í jarðgöngunum á tveggja ára fresti. „Við komust ekkert yfir meira en það. Þegar um er að ræða áhugamannaslökkvilið eru menn að vinna allan daginn um hvippinn og hvappinn og á kvöldin vilja menn vera með fjölskyldunni. Við reynum því að nýta tímann þegar við getum til æfinga sem er oftast um helgar og það er í raun ekki hægt að hafa svona æfingar nema á vorin og haustin." Hann bætir við að haldin verði æfing þegar Bolungarvíkurgöngin verða opnuð. *– thelma@bb.is*

smáar

Gleraugu fundust í tóft á Álfsstöðum í Hesteyrarfirði í Jökulfjörðum. Nánari upplýsingar í síma 864 0150.

Sextug kona óskar eftir traustum manni á svipuðum aldri. Uppl. í símum 445 1281 eða 772 4209.

Til leigu er lítið einbýlishús í Hnífsdal frá sept.-júní. Húsið leigist fullbúið húsgögnum og húsbúnaði. Hægt er að leigja hluta vetrarins eða allan veturinn. Sanngjarnt leiguverð. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Gæludýr engin fyrirstaða. Upplýsingar í síma 869 4566.

Óska eftir að kaupa notaðan þurrkara og þvottavél. Uppl. í síma 892 1623.

Vantar þig dagmömmu? Er með tvö laus pláss í vistun hjá Fjarðarpúkunum. Sóley og Elín Hólm í síma 867 9905 og 848 7496.

Einstæð móðir, 53 ára, vill kynnast rosalega góðum manni milli fimmtugs og sextugs. Er hreinskilin og heiðarleg. Upplýsingar í símum 865 1450 og 421 3509.

Ýmislegt til sölu vegna flutnings. Komdu að Aðalgötu 20 á Suðureyri og skoðaðu eða hringdu í Debbie í síma 898 6328.

Til leigu er mjög góð 2ja herb. íbúð, ca 80m² í miðbæ Ísafjarðar í vetur. Stórar svalir. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. í síma 867 6657.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560 ... það er ódýrar að vera áskrifandi!

Júlíus Geirmundsson. Skipverjar hafa nú opnað vefinn jullinn.is.

Fljótandi fréttavefur

Skipverjar á frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS, hafa opnað vefsíðu þar sem greint er frá lífinu um borð í þessu aflasæla skipi. Á vefsíðunni, jullinn.is, eru birtar fréttir og myndir frá öðrum miðlum, skemmtilegar fréttir, sögur af göngunum og slúður úr stakkageymslunni, svo vitnað sé í vefinn sjálfan. Júlíus Geirmundsson er gerður út frá Ísafirði og er áhöfnin skipuð 25 karlmönnum sem kalla ekki allt ömmu sína. Stofnandi síðunnar Friðrik Gígja, sagði í samtali við vefinn pressan.is á dögunum að hugmyndin sé að gefa út létt fréttarit sem skopstælir menn og málefni.

„Fólk er mjög ánægt með blaðið og finnst gott að geta fylgst með ástandinu á áhöfninni. En þetta er aðeins til gamans gert og ætlunin er ekki að meiða neinn. Fréttirnar eiga að kalla fram bros hjá fólki.“ Friðrik segist áður hafa gefið út fréttabréf á öðrum togara. Það var áður en netaðgangur varð svo góður sem hann er nú, þá hafi hann prentað út blaðið um borð og afhent áhafnarmeðlimum. Nú þegar blaðið er komið á netið þarf hann að gæta betur að því sem hann skrifar.

„Fréttasíðan byggist á lífinu um borð og nú þegar fréttasíðan er komin á netið þá þýðir það líka að ég verð að passa mig betur á því sem ég skrifa þar sem nú geta allir séð þetta.“ Friðrik segist í samtali við pressuna vera ánægður með síðuna og þá athygli sem hún hefur fengið. „Auðvitað er þetta mjög „local“ húmor en ef fólk hefur gaman að því að skoða síðuna, þá er það bara mjög gott. Tilgangurinn er að kalla fram bros hjá fólki, ef það tekst þá er það auðvitað bara mjög gott.

Þeir sem ætla sér að fylgjast með fréttum af Júllanum skulu hafa einkunnarorð síðunnar í huga; „Ekki skal skemma góða sögu með sannleikanum!“

Þúsund gestir

Það má með sanni segja Melrakkasetur Íslands í Súðavík hafi verið vinsæll viðkomustaður ferðafólks í sumar en frá því setrið opnaði 12. júní hafa um þúsund gestir sótt setrið heim. Þúsundasti gesturinn kom við fyrir stuttu en það var Harpa Dís Hákonardóttir sem kom ásamt foreldrum sínum og litla bróður.

Á vef Melrakkseturs er stiklað á stóru um undanfarna daga. Er þar tekið fram að yrðlingurinn Frosti unir sér vel í gerðinu sínu, enda hafi hann komist á sérstakan fóðursamning hjá Murr í Súðavík, en þar er framleitt hágæða katta og smáhundafóður úr íslensku hráefni.

„Tökum af þeim kvótann“

Stakkur skrifar

Um þessar mundir er hugur margra bundinn við þá hugsun hvernig örva megi atvinnulíf á Íslandi. Hrunið hafði margvísleg áhrif til ills og við erum að súpa af því seyðið. Hinu má ekki gleyma að hrunið eitt, þótt andstyggilegt sé, varð eftir að margir höfðu þegar komið sér í vandræði með því að fjárfesta um of. Gildir það bæði um einstaklinga og fyrirtæki. Hverjum dettur í hug af fullri alvöru að ungt fólk sem er rétt komið yfir tvítugt og jafnvel ekki enn komið út úr skóla hafi einhver tök á því að greiða af 100% láni af húsnæði og vera jafnframt með 100% bílalán? Stjórnmálamenn báru ábyrgð á þeirri vitleysu og hreinlega mætti segja ranghugsun.

Margir voru komnir í vandræði fyrir hrun vegna þess konar fjárfestinga sem bankar ýttu að fólki en stjórnmálamenn höfðu greitt veginn. Mörg fyrirtæki höfðu einnig fjárfest umfram getu. En það minnir á að skattalög sem eru ásamt kvótanum og Evópusambandinu eitt helsta hugðarefni stjórnmálamanna, verða á hverjum tíma að taka mið af því hvað er skynsamlegt og fólki bjóðandi. Þau ýta nú undir skuldsetningu, sem er slæmt. Nú er hugsað um það að ná fé af fólki með öllum ráðum. Þess kann að þurfa. En það má ekki ofbjóða þoli Íslendinga. Þá flýja þeir land sem geta. Með sama hætti verður að gæta þess að ofbjóða ekki atvinnurekstri. Reyndar lítur út fyrir að honum eigi að útrýma, nema í ríkiseigu sé. Störfum fækkar og ekki dugar að stofna ný embætti til að hjálpa skuldurum. Nær væri að skapa það umhverfi sem gerði fólki kleyft að vinna fyrir sér með arðbærum hætti.

Sjávarútvegur hefur lengi verið undirstaða efnalegrar velgengni Íslands og Íslendinga. Honum hefur verið mörkuð stýring með kvótakerfi sem gerir þá kröfu að menn hafi veiðiheimildir til þess að mega veiða fisk. Um kvótakerfið má lengi deila eins og önnur mannanna verk. En það er tæki til að stjórna fiskveiðum af hálfu ríkisins. Því má breyta. En það verður ekki með sanngirni gert á þann hátt að gera fjárfestingar útgerða verðlausar með einu pennastriki eins og Jón Bjarnason ætlar sér með rækjuveiðar. Þá verða útgerðir skyldar eftir með gagnslausar fjárfestingar og lánarar með ónýtar tryggingar fyrir útistandandi lánum. Það er óskynsamlegt hjá þjóð sem þarf á öllu sínu að halda og minnir helst á upptöku eigna. Reyndar minnir það allmikið á hugmyndir ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta þegar hún vildi þjóðnýta stærsta útgerðarfyrirtæki Íslands milli stríða, Kveldúlf h.f. Þá var talað um ríkisrekstur og sósíalisma.

Er það hugmynd ráðherra vinstri grænna að taka kvóta af útgerðum á sama tíma og Evrópusambandið kætist yfir því að komast í fiskveiðar við Ísland? „Tökum af þeim kvótann“ og hvað svo? Því þarf að svara. Atvinnulíf Íslands þarf að komast af stað, en svona gerist það ekki.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Glerlistasýning í Búrinu

Glerlistamaðurinn Ólöf Sigríður Davíðsdóttir opnaði sýningu í Búrinu í Neðstakaupstað á Ísafirði á þriðjudag. Sýningin kallast Ljósbrot og mun aðeins standa í um vikutíma. Ólöf býr í Brákarey í Borgarnesi en sýningin er sett upp í tilefni af 25 ára afmæli og brúðkaups dóttur hennar, Lísbetar Harðardóttur, auk annarra tengdra fjölskylduviðburða.

Lísbet er einmitt stofnandi Búrsins sem hefur verið starfandi sem eitt minnsta gallerý í Evrópu, og þótt víðar væri leitað, í rúm tvö ár.

Draumurinn að fljúga Boeing 747

Ida Björg Wessman á Ísafirði er á leið í nám til að verða atvinnuflugmaður. Hún segir að draumurinn sé að fljúga stórum þotum en hún verði þakklát fyrir hvaða flugreynslu sem býðst. Ida fór á dögunum að skoða skóla í Bretlandi þar sem hún íhugar að fara í frekara flugnám. Hún segist þó ekki vera búin að ákveða sig hvort hún flytji út eður ei.

„Ég er ekki alveg búin að ákveða mig hvort ég fari út eða hvort ég læri á Íslandi. Ég er reyndar búin að fá inngöngu í flugskólann Keili en mig langar svolítið að fara út. Ég er búin að vera á Íslandi í eitt og hálft ár og finnst vera kominn tími til að breyta til og prófa eitthvað nýtt.

Ida er hálfdönsk og hefur búið úti í Danmörku um árabil. Eftir að hafa lokið menntaskóla fór hún út á vinnumarkaðinn um tíma en ákvað síðan að flytja til Íslands. Hún segir tilviljun hafa ráðið því að Vestfirðir urðu fyrir valinu.

„Vinkona mín býr á Ísafirði og hvatti mig til að koma og prófa að búa hér. Ég sagði bara já takk og þannig var það nú bara.

Ég sé ekki eftir því þar sem mér finnst æðislegt að vera hérna. Það er líka ástæðan fyrir því að ég vil frekar flytja út en að taka flugmanninn á Íslandi, því þó ég gæti alveg tekið námið í fjarnámi frá Ísafirði þá yrði það erfiðara en að vera fyrir sunnan. Og mig langar ekkert til að flytja til Reykjavíkur. Mér hefur liðið mjög vel fyrir vestan. Þetta er samfélag sem býður mann velkominn frá fyrsta degi og er allt öðruvísi en í Reykjavík.“

Fetar í fótspor föður síns

– Hvernig vaknaði flugáhuginn?

„Pabbi er flugmaður þannig að maður ólst upp í kringum þetta. Ég ákvað þó ekki fyrr en á síðasta ári að verða flugmaður. Ég fór í kynningartíma hjá Flugskóla Íslands og það varð ekki aftur snúið eftir það. Ég vissi frá fyrsta degi að þetta væri það sem mér er ætlað að gera.“

– Hvernig gerð af flugvélum langar þig að fljúga?

„Til að byrja með skiptir það ekki miklu máli. Þetta snýst bara um að fá vinnu og ég myndi taka starfi hvar sem er í heiminum. En auðvitað hefur maður markmið og draumurinn er að fá að fljúga stóru Boeing 747 vélunum. Maður fær þó mikla þjálfun að fljúga litlu vélunum, eins og t.d. Fokker til Ísafjarðar, og ef mér byðist starf hjá Flugfélagi Íslands myndi ég vera mjög heppin. Það kemur þó allt í ljós, mestu skiptir að maður fái að fljúga.“

– Er flugmannageirinn ekki karlaveldi?

„Karlmenn eru í meirihluta flugmanna út um allan heim en konum er alltaf að fjölga. Ég held þó að þetta verði alltaf svolítið karlastarf. Við vorum sex konur af tuttugu sem voru að læra einkaflugmanninn og það þótti mjög gott hlutfall. Mig minnir að mér hafi verið sagt að konur séu 10-15% flugmanna.“

Margt í boði fyrir vestan

Ida tók einkaflugmanninn síðasta sumar og tók sér ársfrí áður en hún myndi ráðast í atvinnuflugmanninn.

„Ég hef reynt að vinna sem mest því þetta er dýrt nám. Ég tók aðallega þessa pásu frá einkaflugmanninum þar til núna til þess að safna pening. Ég hef verið að vinna hjá Eyrarskjóli og Við Pollinn. En þótt maður sé að vinna mikið finnst mér mikilvægt að maður geri eitthvað fyrir sjálfan sig líka. Ég hef mjög gaman af útivist og finnst fínt að fara t.d. í fjallgöngur og á kajak. Ég reyni að lifa lífinu þannig að dagarnir séu ekki eins, en það er mjög auðvelt að festast í rútínu þegar maður er að vinna mikið. Ég reyni því alltaf að segja já við nýjum ævintýrum.

Það er hægt að gera svo mikið hér fyrir vestan. Þetta er allt öðruvísi en í Reykjavík. Hér er til dæmis óteljandi skemmtilegar gönguferðir, fínn klifurveggur við Arnarneshamar á leiðinni til Súðavíkur og svo skíðasvæðið á veturna. Ég var einmitt mjög spennt fyrir vetrinum en ég hef svolítið verið á snjóbretti, en þetta var náttúrulega frekar lélegur vetur hvað það varðar.

Hér er líka svo ótrúlega mikil náttúrufegurð. Mig langar eiginlega ekki að fara, því mér hefur liðið mjög vel hérna en það er samt spennandi tilhugsun að upplifa eitthvað nýtt í nýju landi,“ segir Ida. *– thelma@bb.is*

Gamla Apótekið í upprunalega horf

Gamla Apótekið á Ísafirði hefur nú snúið til síns upprunalega horfs og er orðið að fjölbýlishúsi. Húsið á sér langa sögu og hefur staðið við aðalgötu Ísafjarðar frá árinu 1906 þegar það var byggt. Húsið hefur sinnt ýmsum hlutverkum þó það sé oftast kennt við hlutverk sitt sem apótek. Undanfarin ár hefur það m.a. hýst ungmennahús, Héraðssamband Vestfirðinga, félagsmiðstöð og kaffihús.

Árið 2008 var húsið dæmt ónýtt og höfðu bæjarbúar beðið í ofvæni eftir að tekin væri ákvörðum um framtíð þess. Húsið var auglýst til sölu af Landsbankanum snemma árið 2009 og bárust nokkur tilboð. Fór svo að ísfirska verktakafyrirtækið Spýtan ehf. festi kaup á húsinu en kaupverðið fékkst ekki uppgefið. Var ætlunin að gera húsið upp í sitt upprunalega horf, gera það að fjölbýlishúsi og leigja út íbúðir til skammtímaleigu. Sú varð raunin.

Að sögn Magnúsar H. Jónssonar, framkvæmdastjóra Spýtunnar á Ísafirði, er húsið orðið klárt að utan. Verið er að leggja lokahönd á ýmis verk innandyra en um hálft ár er síðan hafist var handa við húsið. Þar er nú að finna fjórar íbúðir og þar á meðal eina kjallaraíbúð. Að sögn Magnúsar er húsið í eins upprunalegri mynd og hægt var að komast og eflaust hafa flestir tekið eftir því að búið er að koma fyrir svölum framan á húsið eins og var upprunalega. Einnig eru svalir á bakhlið hússins, sem snýr að Skátaheimilinu. Aðspurður hvort einhver stór vandamál hafi orðið á vegi þeirra við verkið segir Magnús ekki svo vera, en húsið hafði verið dæmt ónýtt. „Það var nú ekki alveg ónýtt en það var í mjög bágu ástandi eins og fólk gat séð," segir Magnús.

Húsið, sem var eins og fyrr segir byggt árið 1906 hefur löngum þótt hin mesta bæjarprýði í miðbæ Ísafjarðar. Flestir geta verið sammála því að þeim Magnúsi og félögum hjá Spýtunni hefur tekist vel upp við endurbæturnar og er húsið allt hið glæsilegasta. Sannkölluð bæjarprýði.

Starfsmenn Spýtunnar sem komu að endurbyggingu hússins.



Hjónin Erla Kristjánsdóttir og Jón Gíslason á Ísafirði leigja út hluta hússins sem íbúðagistingu á Ísafirði. Um er að ræða 100m2 íbúð þar sem verslun apóteksins var á sínum tíma. Gengið er inn í íbúðina um tröppurnar að framanverðu en íbúðin er á fyrstu hæð og í kjallara en þar er að finna tvö svefnherbergi og þvottahús. Samtals er svefnpláss fyrir 5 fullorðna og 2 börn í húsinu og eru svefnbergi samtals þrjú. Þá er einnig stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og þvottahús. Að sögn Erlu er áætlunin að leigja húsið út allt árið og á þjónustan að höfða bæði til Íslendinga sem og útlendinga. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er íbúðin öll hin glæsilegasta en hægt er að kynna sér málin á vefsíðunni gamla-apotekid.mono.net.

Einföld fiskisúpa og ostakaka

Sælkeri vikunnar er með tvær góðar uppskriftir í þessari viku. Annars vegar einfalda fiskisúðu með frekar framandi yfirbragði og svo uppáhalds ostakakan.

Einföld fiskisúpa

1 stór dós kókosmjólk
1/2 dós tómatmauk
3-4 gulrætur
1/2 paprika
2-3 cm blaðlaukur
1 ferskt chillialdin eða chillimauk úr krukku
1 msk púðursykur
1/2 teningur af fiskikrafti
1/2 teningur af kjúklingakrafti
250-500 ml vatn
Ýsa og rækjur eða annar fiskur eftir smekk.

Allt nema ýsa og rækjur sett í pott og soðið vel og lengi. Fiskinum bætt út í seinustu mínúturnar og loks rækjunum rétt áður en borið er fram.

Uppáhalds ostakakan

Botn:
150g hafrakex
100g smjör

Kexið mulið, blandað vel saman við smjörið og þrýst í 24cm smelluform.

Fylling:
1,5 pakki af Jello geldufti (125 gr). Sítrónu-, jarðaberja- eða appelsínubragð eftir smekk.
200 g rjómaostur
100 g flórsykur
1tsk vanillusykur
2 dl sýrður rjómi
1/3 l rjómi

Útbúið gelið skv. leiðbeiningum en notið helmingi minna vatn. Kælið gelið en ekki láta það stífna. Hrærið saman osti, sykri og sýrðum rjóma blandið síðan þeyttum rjómanum saman við. Hellið kældu gelinu út í blönduna og öllu saman yfir kexbotninn. Látið stífna í kæli í minnst 3-4 tíma.

Hægt er að nota hálfa pakkann af gelinu sem gengur af til að setja hlaup ofan á kökuna og jafnvel skreyta með ávöxtum.

Sælkerinn

Sælkeri vikunnar er Dóróthea Margrét Einarsdóttir á Ísafirði.

Ég skora svo á mágkonu mína, Þuríði Pétursdóttur, að koma með uppskrift í næsta blað.

Áhöfnin var að vonum ánægð með fenginn. Mynd: Reynir Skarsgård.

Þjóðverji veiddi risalúðu

Þýskur sjóstangveiðimaður veiddi undir lok síðustu viku, stórlúðu sem vóg 219 kg að þyngd og var 248 cm að lengd. Þýsku sjóstangaveiðimennirnir voru að veiðum á einum af bátum Víkurbáta ehf. í Bolungarvík og haft er eftir Hauki Vagnssyni á vefnum vikari.is að hér sé jafnvel um að ræða stærstu lúðu sem veiðst hefur á sjóstöng í heiminum. Reynir Skarsgård var með myndavélina á lofti þegar lúðunni stóru var landið í Bolungarvík.

Nokkur orð frá Vá Vesthópnum til foreldra

Oft hafa foreldrar haft samband við meðlimi Vá Vesthópsins með spurningar um uppeldi. Í sumum tilvikum er um að ræða spurningar foreldra þar sem börn þeirra hafa misstigið sig og er þá gjarnan leitað ráða. Í þessu sambandi langar Vá Vesthópinn til að minna foreldra á eftirfarandi

Kaupa ekki tóbak fyrir ungmenni

Rétt er að minna á að enginn má afhenda, selja eða gefa ungmennum sem hafa ekki náð 18 ára aldri, tóbak. Þá er óeðlilegt og ósiðlegt að samþykkja tóbaksneyslu ungmenna annað hvort með því að horfa fram hjá slíku, að ekki sé talað um það að leyfa slíka neyslu inn á heimilum. Það heyrir sögunni til, þó með örfáum undantekningum. Ungmenni sem nota tóbak safnast þá gjarnan inn á slík heimili. Þeir foreldrar sem leyfa slíkt eru að grípa með freklegum hætti inn í uppeldi annarra foreldra sem eru að reyna að sporna við reykingum barna sinna og leyfa ekki reykingar á heimilum sínum sem dæmi. Stemmum stigu við tóbaksneyslu ungmenna.

Vá Vest
vímuvarnarstefna

ÓTRÚLEGT!
Vísindaleg undur í Eymundsson

Komdu í Eymundsson og sjáðu ótrúlegt verð á skólavörum fyrir haustið.

Mynd VI. BAKPOKAKENTÁRAR MCCVI

Centaurus Dosphilis

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872